

Ísraels *fréttir*



INNIHALD BLAÐSINS:

[Hryðjuverkasamtök Hamas-hreyfingarinnar komin til valda í Palestínu.]

[Undrun !] [Er friður í nánd ?] [Hvað segir Kóraninn ?] [Tjáningarfrelsi í Íslam!]

[Finnst mönnum ekki skrítið] [Gyðingaríki í arabalöndum] [Síðasta blaðið] [Á Biblíuslóðir]

Hryðjuverkasamtök Hamas-hreyfingarinnar kominn til valda í Palestínu.

Hamas hreyfingin flokkur íslamskra harðlínnumanna, vann stórsigur meðal Palestínnumanna 25. Janúar. Hamas fékk kjörna 76 menn af 132 á þing en Fatah-hreyfingin 43. Qurei, forsætisráðherra palestínsku heimastjórnarinnar og ríkisstjórn hans hefur sagt af sér. Mikil óöld er í Palestínu þessa daganna. Komið hefur til vopnaðra átaka milli Al-Fatah og Hamas. Hamas-samtökin eru hryðjuverkasamtök samkvæmt álit Bandaríkjastjórnar. Einnig hefur Evrópusambandið, Rússar og Sameinuðu þjóðirnar lýst samtökin sem hryðjuverkasamtök og hafa gefið út tilkynningu þar sem samtökin eru jafnframt hvött til að láta af ofbeldi og viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis. Hamas hefur marglýst því yfir að þau muni halda áfram **“blóðugri”** baráttu sinni fyrir **“frelsun”** Palestínu og útrýmingu Ísraelsríkis. Af augljósum ástæðum geta Ísraelsmenn ekki setið við samningaborð með þeim sem hafa það á stefnuskrá sinni að útrýma þeim.

Mikill alþjóðlegur þrýstingur hefur verið á þessi hryðjuverkasamtök að láta af árásum á Ísrael. Fleiri hundruð mannlíf hafa þeir á samvisku sinni, þar sem þeir hafa undafarin ár sent unga menn og stúlkur með sprengjubelti um mitti sér, inn á veitingastaði, í strætisvagna, og samkomuhús, jafnvel þar sem Guðsþjónustur hafa verið haldnar sbr. (Páskahátíð), með það eitt í huga að drepa sem flesta viðstadda, **jafnt börn sem fullorðna, jafnt gyðinga sem araba.**

Grimmd þeirra hefur verið ólýsanleg og allt er þetta í nafni Allah. Þeir hafa birt myndir af “píslarvottum”

þeirra með Kóranin í hendi.

Sem betur fer hafa þjóðir og einstaklingar séð betur og betur þennan anda haturs og hefnda.

Ísraelski herinn hefur oft þurft að ráðast á þá staði, sem þessir hryðjuverkamenn nota til að framleiða slík vopn og þá hefur oft komið til bardaga. Ísraelski herinn hefur þurft að verjast með því að drepa óvininn og spengja jafnvel hús þeirra í rúst, þar sem fundist hafa vopnaverksmiðjur. Slíkar fréttir hafa oft verið á forsíðum fjölmiðla og Ísraelsmönnum gefin sök á öllu saman. En nú er þetta að breytast. Fjölmiðlar hafa farið að vakna fyrir þessari vá sem hryðjuverkaöfl innan Íslams eru meðal þjóða, jafnvel sinna eigin.

Þetta er ekki skrifað með þeirri sannfæringu að allir múslímar séu hryðjuverkamenn. **Það er langt frá því, sem betur fer.**

Sem kristnum einstaklingum og samfélögum ber okkur að biðja fyrir þeim sem þurfa að líða fyrir glæpi hryðjuverkasamtaka, hvaða nafni sem þau nefnast. Biðjum að kærleiki Guðs sem birtist í Jesú Kristi megi opna augu og sálarlíf þessara ógæfumanna. Enginn varanlegur friður verður, fyrr en hugarfarsbreyting á sér stað og kærleikur Guðs Abrahams, Ísaks og Jakobs fær að ráða.

Shalom kveðja
Ólafur Jóhannsson



2

Áriðandi!

Það er nauðsynlegt að vekja athygli á því að ekki eru allir Palestínnumenn múslímar og ekki eru allir múslímar hryðjuverkamenn.

Hamas vill afmá Ísrael og innleiða "Sharia-lög."

Muhammed Abu Teir sagði í viðtali við "Globe and Mail" í Kanada að markmið Hamas er að gera "sharia-lög" að grunni fyrir nýrri löggjöf. Sharia-lögin leggja meðal áherslu á aðskilja pílta og stúlkur í skólstofum. Að konur hylji allan líkama sinn á almannafæri, einnig andlit sitt. Nú þegar sjást þessi áhrif á götum í Jerúsalem.

Hamas & Fatah.

Sigur Hamas varð til þess að Fatah-hreyfingin hefur tekið upp náið samband við sigurliðið.. Staðreyndin er sú, að það er enginn greinamunur á hugsjónum þessara tveggja hreyfinga. Báðar hreyfingarnar berjast fyrir útrýmingu Ísraelsríkis og koma á "guðræði" Islams í allri "Palestínu" þ.e, Ísrael, Júdeu, Samaría og Gaza. Rannsóknir hafa sýnt að PLO hryðjuverkasamtökin hafa framkvæmt fleiri árásir en Hamas á s.l. árum.

Hamás,

hryðjuverkasamtökin sem hafa staðið fyrir sjálfsmorðssprengjum og öðrum grimmdarverkum í Ísrael, ráðist á Bandaríkjamenn og byggingar þeirra, einnig kveikt iðulega í fánum þeirra og Ísraels. Kallað Bandaríkjamenn fulltrúa Satans og Zíonista, fara þó fram á fjárhagsaðstoð þeirra og frá Ísrael. Þrátt fyrir neita þeir tilverurétti Ísraels.

Undrun !

Margir hafa undrað sig á því hvers vegna Þjóðverjar, þessi mikla menningarþjóð létu Hitler og nasistaflokk hans leiða sig út í einhver verstu ógnarverk allrar mannkynsögunnar, morð á milljónum saklausra Gyðinga og annarra minnihlutahópa, auk þess að kalla hörmungar og dauða yfir nágrannabjóðir sínar.

Eftir að hafa fylgst með átökum Ísraels við araba, einkum svokallaða palestínaraba undanfarin ár og viðbrögðum umheimsins við þeim, þá verð ég að segja að ég er ekki undrandi. Sagan er að endurtaka sig.

Í Ísrael býr friðsöm þjóð sem margsinnis frá stofnun ríkisins 1948 hefur þurft að sæta árásum nálægra araba- og múslimaríkja auk þess að búa við stöðug hryðjuverk af hálfu hryðjuverkasamtaka palestínkra araba.

Þrátt fyrir fjölmörg og hræðileg ódædisverk þessara araba gegn saklausu fólki í Ísrael á umliðnum árum og áratugum,

Þrátt fyrir að trúarleiðtogar þeirra hafi beinlínis lög- helgað fjöldamorð á Gyðingum með sjálfsmorðsárásum og öðrum aðferðum

Þrátt fyrir að þeir hafi oft apað beinlínis eftir armlyftur og gæsagang þýskra nasista í skruðgöngum sínum og hópögungum,

Þrátt fyrir að Hitler og nasistar og hugmyndafræði þeirra (og áróðurstækni) sé í gríðarlegu uppáhaldi hjá þeim og trúarleiðtogar þeirra kalli eftir útrýmingu hvers einasta Gyðings, **þá er samt svo komið** að heimurinn stendur nánast einhuga með þeim og baráttu þeirra fyrir svokallaðri frjálsri Palestínu, landi sem án nokkurs vafa yrði notað sem bækistöð áframhaldandi hryðjuverka gegn Ísrael og öllum hinum vestræna heimi.

Hreiðar Þór Sæmundsson



Þátturinn: ÍSRAEL Í DAG, er sýndur á Sjónvarpsstöðinni Omega, Miðvikudaga kl.20:00 og Laugardaga kl.15:00. - Dagskrástjóri: Ólafur Jóhannsson.

Er friður í nánd? Hvað segir Kóraninn?

Kóraninn segir:

Þér trúaðir, vingist ekki við gyðinga né kristna menn. Þeir eru í vinfengi hvorir við aðra. Sá sem velur þá að vinum er orðinn einn af þeim. Allah leiðbeinir ekki hinum ranglátu. Sura 5.55

Haldið fram til baráttu, hvort heldur vel vopnaða eður ei, og berjist með eigum yðar og lífi fyrir málstað Allah. Sura: 9.40

Kristnir segja að Messías sé sonur Guðs (Allah). Allah formæli þeim. Ef þér berjist ekki, mun hann refsa yður harðlega og setja menn í yðar stað. Sura: 9.30

Þeir sem heyja stríð gegn Allah og sendiboða hans, og kynda undir óöld í landinu, skulu teknir af lífi, krossfestir eða handhöggðir og fóthöggðir báðum megin, ellegar reknir úr landi. Sura: 5.35

Svar...

Heimurinn hefur meir og meir vaknað af Þyrnirósar svefni gagnvart hinni hröðu útbreiðslu Íslams til vesturlanda. Margir kristnir kennimenn hafa jafnvel lagt blessun sína yfir trúarbrögð þeirra. Auðvitað verðum við sem kristnir að gæta okkar að dæma ekki alla múslíma sem hryðjuverkamenn. Það er langt frá því. Fjöldi múslíma eru friðsamir og vilja góð samskipti við kristna og gyðinga. En þetta eru aðallega þeir sem ekki þekkja kenningar Kóransins. En það eru líka harðlínur múslíma sem taka boð Kóransins alvarlega. Þeir berjast gegn vestrænni siðmenningu og kristnum gildum. Þeir hika ekki við að senda börnin sín með sjálfmorðssprengjur, um leið og þeir drepa sjálfa sig, geti þeir drepíð og limlest sem flesta, t.d. gyðinga, kristna, ferðamenn, araba, unga og eldri, hvort sem þeir eru í strætisvagni eða á veitingastöðum, þar sem ungt fólk kemur saman. Grimmd harðlínur Hamas, er ógnvænleg.

Við trúum ekki á varanlegan frið, samin af mönnum, hvaða nafn sem þeir bera. Við trúum þó á varanlegan frið, þegar Friðarhöfðinginn (Jesús Kristur) fær að ráða. Að biðja Jerúsalem friðar, er að biðja um að Guðs-ríki megi ráða meðal okkar. Við trúum á endurkomu Messíasar.



Tjáningarfrelsi í Íslam!



“ Það má ekki hefta tjáningarfrelsi ” sagði Salman Tamini, formaður Félags múslima á Íslandi í Kastljóspætti á RUV, 31. janúar síðastliðinn. Hvað meinti hann svo með því, þegar hann bætti við að ekki mætti nota tjáningarfrelsið til að senda röng skilaboð. Mín spurning er því: Hvaða skilaboð ? Hver eru skilaboðin sem margur múslimaklerkurinn hefur sent til okkar Vesturlandabúa og hvernig lítur heimsmynd okkar út í dag. Við sjáum myndir í sjónvarpinu þar sem klerkar íslams hvetja til morða á saklausum borgurum, við upplifum það að óbreyttum borgurum vestrænna lýðræðisríkja er rænt, þeir niðurlægðir og jafnvel drepnir. Saklaust fólk tekið af lífi.

Saklaust fólk sem jafnvel er að sinna hjálpar og mannúðarstörfum á svæðinu, er tekið sem af handahófi og drepíð. Höfum við heyrt múslima á Vesturlöndum mótmæla og fordæma þessar aðgerðir, því fer öðru nær, við upplifum hinsvegar tón réttlætningar á þessum aðgerðum, vegna þess að við höfum móðgað einhvern eða einhverja. Talað er um að við Vesturlandabúar og kristnir verðum að sýna umburðarlyndi, virða skoðanir, menningu og siði múhameðstrúarinnar, og því spyr ég á móti, er málfrelsi, tjáningarfrelsi, menningu og siðum

kristinna manna á vesturlöndum sýnd einhver sérstök virðing og umburðarlyndi af hálfu margra forsvarsmanna múhameðstrúar-manna og klerka íslam. Og hvernig er svo sú mynd sem okkur er birt ? Fánar eru brenndir, ráðist inn í sendiráð og þau brennd og öllum Evrópubúum hótad hryðjuverkum.

Hinn vestræni frjálsi heimur býr í dag við ógn og skelfingar hatursfullra manna sem brjálæðið hefur byrgt alla sýn og öll réttlætning fyrir orðum og gjörðum er fundin staður í texta hinnar helgu bókar, Kóraninum. Og er það þetta sem við vesturlandabúar eigum að líða og umbera ? Eigum við að láta það líðast að trúarbrögð sem leyfa umskurð á stúlkubörnum, kvennakúgun og kvennaþrælkun, trúarbrögð sem eru skeytingalaus við siði og lög vestrænna ríkja komast upp með að segja okkur fyrir verkum, segja okkur hvað við megum lesa, rita og teikna ? Ég segi nei og aftur nei.

Kafli úr grein Höskuldar Höskuldssonar, “Múhameð og teiknimyndirnar” sem birtist á vefsíðu “Nyttafl.is”

Júni ferð til Landsins helga, í fótspor Jesú, með Snorra Óskarssyni (Snorra í Betel)
s:8971174

Laufskálahátíðin í Jerúsalem er í byrjun Október.

Finnst mönnum ekki skrítið,

að 59% Evrópubúa skuli telja lýðræðis- og réttarríkið Ísrael vera mestu ógnunina við heimsfriðinn af öllum löndum jarðar?

Finnst mönnum ekkert undarlegt að margir fjölmiðlar heimsins skuli útmála Ísraela sem yfírgangsseggi gagnvart Palestínaröbbum, þegar þeir sömu arabar beita sjálfir morðum og ógnarverkum gegn saklausu fólki til að koma sér upp ríki inni á fornu heimalandi Gyðinga? Er ekki framkoma Palestínaraba einmitt skólabókardæmi um miskunnarlausan yfírgang og frekju?

Fasista-áróðurstækni eða þjóðernisraus getur ekki falið þá staðreynd að þeir hafa aldrei átt sjálfstætt ríki á Palestínusvæðinu, heldur eru landakröfur þeirra aðeins og eingöngu hluti af yfírgangs- og útpenslustefnu arababjóðanna!

Finnst mönnum ekkert skrítið að arabar skuli í fjölmiðlum geta útmálað sig sem fórnarlömb ímyndaðrar útpenslustefnu Ísraels, þótt sagan segi okkur að arabaríkin sjálf, eða leiðtogar þeirra, hafa efnt til allra stríðsátaka, sem þau hafa átt í við Ísrael frá stofnun þess og alltaf í þeim tilgangi að leggja svæði Ísraels undir sig í útpenslustefnu arabanna sjálfra?

Finnst engum það skrítið að arabaríkin skuli aldrei vera dregin til ábyrgðar fyrir sína sök á flóttamannavanda Palestínu araba? Það var árasar- og útpenslustrið

þeirra sjálfra á Ísrael 1948, sem skapaði vandann! Finnst engum það stórskrítið að allartillögur um lausn á flóttamannavanda Palestínaraba skuli miða að því að þeir fái hluta úr hinu forna Ísrael undir sjálfstætt ríki sitt, fremur en að þeir fái hluta af risastórum löndum arabaríkjanna, sem eiga þó alla sök á vandanum?

Hreiðar Þór Sæmundsson



Klaustur í fjallshlíðum Ísraels

Gyðingaríki í Arabalöndum ?

Ein milljón gyðinga urðu flóttamenn, þegar þeir voru hraktir frá arabalöndunum eftir Sjálfstæðisstríðið 1948. Þar höfðu þeir búið í gyðingasamfélögum um hundruð ára. Eiga þeir ekki rétt á sjálfstæðum ríkjum í hluta þessara landa? Þá geta til dæmis sýrlenskir gyðingar fengið hluta af Sýrlandi undir sýrlenskt gyðingaríki, með hálfu Damaskus sem höfuðborg! Það verður gaman að sjá svipinn á Assad ef við stingum upp á því!

Nei, í alvöru talað, þá hafa Palestínarabar aldrei átt sér sjálfstætt ríki í Palestínu og eiga það ekki skilið vegna hræðilegra ógnarverka sinna undanfarna áratugi, sem svo sannarlega hafa verið glæpir gegn mannkyni og verið fyrirmynd annarra múslímskra ógnarvalda víðsvegar um heiminn, til dæmis í Írak. Menn verða líka að gera sér ljóst, að barátta Palestínaraba stefnir fyrst og fremst að því að eyða Ísraelsríki, ekki að stofnun sjálfstæðs Palestínuríkis á Gaza og Vesturbakkanum. Slíkt ríki yrði aðeins áfangi að endanlegu markmiði þeirra, útrýmingu Ísraels.



Hryðjuverk arabanna eru ekki gerð vegna kúgunar Ísraela á þeim, enda er meðferð Ísraela á þeim góð miðað við aðstæður. Ísraelar hafa sinnt mannúðarskyldum sínum við þá ótrúlega vel. Margir muna eftir palestínskri konu sem handtekin var nýlega, er hún reyndi að sprengja sig í loft upp á sjúkrahúsi í Ísrael, þar sem hún hafði verið í meðferð við brunasárum sínum mánuðum saman.

Hreiðar Þór Sæmundsson

Síðasta blaðið.

Í þrettán ár hef ég haft þá hugsjón og gleði að geta staðið að útgáfu þessa blaðs. Margir hafa haft áhuga á þessu framtaki og er ég þakklátur fyrir margar jákvæðar undirtektir. Nú finnst mér að minn tími sé kominn að nýr aðili eða aðilar haldi þessari útgáfu áfram. Þar sem ég er mikið erlendis, hefur verið erfitt að hugsa einnig um útgáfu blaðsins. Ég mun um tíma vera áfram formaður Félagsins Zion, vinir Ísraels og sinna vefsíðu félagsins Zion.is.

Hugmynd, hefur einnig komið fram að endurvekja félagið Ísland-Ísrael eða stofna nýtt félag við hlið okkar félags sem myndi leiðast af yngri áhugasömum Ísraelsvinum, án sérstakrar tengsla við hinn trúarlega skilning okkar á málefnum Ísraels. Það eru góðir möguleikar fyrir tvö félög Ísraels-vina.

Að endingu þakka ég þeim sem hafa gert það mögulegt að gefa þetta blað út í 13 ár, þeim sem hafa sent greinar í blaðið og styrkt útgáfu þess fjárhagslega.

Með Shalom kveðju
Ólafur Jóhannsson



Ólafur fyrir framan 7 arma ljósastikuna



Biblíulestur:

Lestu Rómverjabréfið 11.kafla

Biblíulestur:


Lestu Jeremía 31.kafla.

Biblíulestur:

Lestu Amos 9.kafla, vers 9-15.

Biblíulestur:

Lestu Esikel 36.kafla, vers 10.



Farastjóri: Snorri Óskarsson, (Snorri í Betel).
Ferðin hefst héðan 13.Júní og heim 25.Júní.
Farið verður á alla helstu staði Biblíunnar. Fyrsts gist í Haifa. Þaðan komið til Acco, Nasaret, Kapernaum, Gólanhæðirnar, Komum til Cesareu Filippi, Bátsferð á Galíleuvatni. Gist við Dauðahafið. Eilat og þaðan til klettaborgarinnar Petra í Jórdaníu. Í Jerúsalem er Musterishæðin, Golgata, hin tóma gröf. Síonarhæð, VíaDola Rosa. Getsemanegarðurinn Olíufjallið og margt fleira. Ferð sem gleymist aldrei. Allar upplýsingar gefur Snorri í síma: 897 1174. Takmarkaður sætafjöldi. Látið drauminn rætast.

Á Biblíuslóðir Til “Landsins helga” Ísrael og til Petra í Jórdaníu.

Drottinn grundvallaði borg sína á heilögum fjöllum, hann elskar hlið Síonar framur öllum bústöðum Jakobs. (Sálm.87,2).

Biðjið Jerusalem friðar
sálmur 122:6



Lindin fjölmiðlun Útvarp.

Útvarsstöð fyrir þig og þína allan sólarhringinn

Sími: 567 1818



OMEGA -Sjónvarpsstöð með boðskap.
Hvers vegna ekki að gerast stuðningsmaður?
Hringdu í s: 5800700



**ÚTGEFANDI
ÍSRAELFRÉTTA**

Félagið Zion, vinir Ísraels
pósthólf 8930, 128 RVK

www.zion.is

Ritstjóri:
Ólafur Jóhannsson

Hönnun: Fugl né fiskur auglýsingastofa

Greinar sem skrifaðar eru undir nafni eru á ábyrgð höfundar

Ef einhver vill styðja félagið okkar, vegna útgáfu blaðsins og hjálparstarf meðal gyðinga og araba í Ísrael, er bent á reikning okkar í Landsbankanum. 0137-05-69520

Félagið Zíon, vinir Ísraels hafa í mörg ár stutt Skóla Vonarinnar í Beit Jala, sem er kristinn unlingaskóli meðal fátækra Palestínanna.